



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**Fundargerð**  
**19. eigendafundar Strætó bs.**  
**Skrifstofa SSH, Hamraborg 9**  
**mánudaginn 2. september 2019, kl. 10:30**

Mætt:

**f.h. eigenda Strætó bs.:**

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfjarðarbæ  
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavíkurborg  
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs  
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ  
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ  
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnessbæ

**frá stjórn Strætó bs.:**

Björg Fenger, formaður stjórnar Strætó bs., Garðabæ  
Ásgeir Sveinsson, Mosfellsbæ  
Karen Elísabet Halldórsdóttir, Kópavogi  
Helga Ingólfssdóttir, Hafnarfirði

Enn fremur sátu fundinn Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs. og Páll Björgvin Guðmundsson frá SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Strætó bs., Rósa Guðbjartsdóttir stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár.

## 1. Forsendur fjárhagsáætlunar

- a) Fyrir lá tillaga að forsendublaði vegna meginþátta í fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2020 sem Halldóra Káradóttir, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar, hafði sent til umræðu á fundinum.

### 1. Ytri forsendur:

Ytri forsendur fyrir fjárhagsáætlunum byggðasamlaga SSH fyrir tímabilið 2020-2024 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 10. maí sl.



## Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Tafla 1: Forsendur fjárhagsáætlunar. Þjóðhagsstærðir í magnbreytingum milli ára (%) og vísitölur í breytingum milli ársmeðaltala (%).

Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar							
Breytingar milli ársmeðaltala %	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Einkaneysla	4,8	2,4	2,8	3,0	2,8	2,6	2,5
Samneysla	3,3	1,9	1,3	1,5	1,9	2,4	2,4
Fjármunamyndun	2,1	-5,7	6,2	3,2	2,5	3,5	3,4
Útflutningur vöru og þjónustu	1,6	-2,5	2,5	2,8	2,6	2,5	2,5
Innflutningur vöru og þjónustu	0,1	-1,2	3,6	2,7	2,5	2,9	2,8
Verg landsframleiðsla	4,6	-0,2	2,6	2,7	2,6	2,6	2,5
Vísitala neysluverðs	2,7	3,4	3,2	2,6	2,6	2,6	2,5
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	3,9	7,8	0,2	0,0	0,0	0,0	0,0
Launavísitala*	6,5	5,6	5,5	5,9	5,3	4,2	4,1

\*Breytingar á launavísitölu (nafnlaun) eru ekki birtar í spátöflu þjóðhagsspar Hagstofunnar og eru því reiknaðar út frá spá fyrir breytingu á vísitölu kaupmáttar launa (raunlaun) og vísitölu neysluverðs.

Einnig eru lagðar fram forsendur um þróun vísitölu neysluverðs innan ársins 2019 og 2020, þ.e. á milli ársloka 2018 og 2019 annars vegar og ársloka 2019 og 2020 hins vegar.

Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar		
Breyting milli ársloka (%)	2019	2020
Vísitala neysluverðs innan ársins	3,10%	2,73%

## 2. Forsendur um gjaldskrárbreytingar:

Almennt er miðað við að gjaldskrár sveitarfélaga og stofnana þeirra taki mið af kostnaðinum við að veita þjónustuna og að gjaldskrár hækki að öðru óbreyttu með sama eða svipuðum hætti og verðlag.

## 3. Forsendur um framlög eigenda

Við áætlunargerðina skal miðað við óbreytt fyrirkomulag varðandi framlög eigenda.

## 4. Forsendur um afkomu

Eigendur leggja áherslu á að fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna taki mið af þeim meginreglum sveitarstjórnarlaga sem gilda um þetta efni, sjá efnisákvæði 62., 63. og 64. greinar. Í þessu felst m.a. krafa um að reglulegar tekjur skulu í fjárhagsáætlun næsta árs nema hærri fjárhæð en útgjöld og sama krafa gildir um áætlun til næstu fjögurra ára.

## 5. Forsendur um fjárfestingar og lántökur

Gert er ráð fyrir að áform um fjárfestingar og fjármögnun þeirra verði borin undir eigendur til samþykktar.



## 6. Forsendur um hagræðingaraðgerðir

Niðurstöður rekstrarúttektar á vegum félagsins og stjórnar SSH f.h. eigenda liggur fyrir. Gert er ráð fyrir að tillit verði tekið til hagræðingartillagna sem fram koma í þeim niðurstöðum og varða fjárhagsáætlun 2020 og fimm ára áætlun félagsins í samræmi við niðurstöður eigendafundar 3. apríl 2017.

Umræður

### Niðurstaða:

Samþykkt að horft verði til ofangreindra viðmiða við mótun fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins fyrir árið 2020.

b) Forsendur fjárhags- og starfsáætlunar 2020.

Á fundinum lágu fyrir eftirfarandi gögn:

Drög – forsendur fjárhags- og starfsáætlunar 2020.

Formaður stjórnar Strætó bs., Björg Fenger, fór yfir meginþætti í fyrirbyggjandi forsendum.

Þá voru ræddar vangaveltur er snúa að endurskoðun eigendastefnu og innri kostnaðarskiptingar hjá Strætó bs.

Umræður.

### Niðurstaða:

Stjórn samþykkir að unnið verði áfram að gerð fullmótaðrar tillögu að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2020, og hún verði tekin til umræðu á næsta eigendafundi.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 11:30

Páll Björgvin Guðmundsson, fundarritari.